

tilvitnuðu laga- og reglugerðarákvæði mæla fyrir um, megi þrengja með kjarasamningum. Stefnanda sé þannig heimilt að falla að meira eða minna leyti frá þeim einkarétti, sem lögin mæla fyrir um. Á þennan skilning má vissulega fallast. Að svo vöxnu er úrlausnarefnið í máli þessu hrein kjarasamningstúlkun.

Með 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 er það lagt til Félagsdóms, að uppfylltum skilyrðum 45. gr. sömu laga, að skera úr því, hvernig skilja beri ákvæði kjarasamnings, er ágreiningi valda. Að þessu athuguðu og þar sem stefnandi hefur ekki gert gangskör að því að leggja grunnviðfangsefnið í máli þessu fyrir Félagsdóm, sbr. 117. gr. laga nr. 85/1936, ber þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 159/1982. **Norðurverk h/f og**

BJG h/f

gegn

**Vörubílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu
og gagnsök.**

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Norðurverk h/f og BJG h/f kærðu 12. júlí 1982 til Hæstaréttar frávísunardóm aukadómþings Þingeyjarsýslu 28. júní 1982 í aukadómþingsmálinu nr. 20/1982. Var kæran heimil

eftir b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973. Hún barst Hæstarétti 3. ágúst sl. Er þess krafist, að „frávísunardómurinn verði staðfestur með þeirri athugasemd, að lögbannsgerð sú, er til dóms var, verði ómerkt“. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu gagnkærði 15. júlí 1982 með þeirri heimild, er fyrr greinir, en fyrirsvarsmönnum félagsins barst vitneskja um frávísunardóminn 2. júlí. Kröfur gagnkærandar fyrir Hæstarétti eru þær, að hinum kærða frávísunardómi verði hrundið og málinu vísað aftur heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða dómi er sagt frá dómkröfum í héraði. Kröfur vörubílstjórafélagsins voru byggðar á kjarasamningi, sem Landssamband vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasamband Íslands gerðu 27. október 1980, svo og á reglugerð nr. 79/1982 um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, en sú reglugerð er sögð sett með heimild í lögum nr. 36/1970 um leigubifreiðar.

Eftir 44. gr. laga nr. 80/1938 er það verkefni Félagsdóms að dæma í málum út af kærum um brot á „vinnusamningi“. Eftir 47. gr. sömu laga er það almenn regla, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skuli ekki flutt fyrir hinum almennu dómstólum. Hins vegar segir í 27., sbr. 20. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, að innan viku, frá því að lögbann er lagt á, skuli birta stefnu til héraðsdóms til staðfestingar lögbanninu. Þegar þessi ákvæði eru borin saman og þess gætt, að Félagsdómur er sérdómstóll, þykir verða að skýra fyrrgreind ákvæði laga nr. 80/1938 svo, að þau standi því ekki í vegi, að gagnkærandi höfði mál fyrir héraðsdómi með þeim hætti sem félagið gerði. Verður því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi, og er

málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dóms-
álagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómpings Þingeyjarsýslu 28. júní 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 14. þ. m., var höfðað með stefnu, birtri 1. og 2. maí 1982.

Stefnandi er Vörubílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefndu eru Norðurverk h/f, Akureyri, og BJG h/f, Reyk-
dælahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Þá er Rafmagnsveitum ríkisins — Kröfluvirkjun, Akureyri, stefnt til réttargæslu í máli þessu.

Dómkröfur stefnanda eru, að staðfest verði lögbann það, er lagt var á þann 26. apríl 1982 gegn akstri stefndu á sementi frá Húsavík til Kröfluvirkjunar, og að viðurkenndur verði einka-
réttur stefnanda til að annast flutninga þessa.

Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þar á meðal allan kostnað við lög-
bannið eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefnda Norðurverks h/f eru þær, að synjað verði staðfestingar lögbannsins og mótmælt því, að viðurkenndur verði með dómi einkaréttur stefnanda til greindra flutninga.

Loks er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Dómkröfur stefnda BJG h/f eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að synjað verði staðfestingar lögbannsins, er í málinu greinir, svo og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Réttargæslustefndi, Rafmagnsveitur ríkisins — Kröfluvirkjun, hefur látið sækja þing og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og krefst einnig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti segir stefnandi vera þessa:

Á árinu 1981 voru sementsflutningar frá Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík til Kröfluvirkjunar boðnir út af Rafmagnsveitum ríkisins — Kröfluvirkjun, og var sementi þá ekið af stefndu í þessu máli samkv. samningi frá 6. maí 1981. Samningur þessi hefði verið gerður með samþykki stefnanda, sem ekki vildi sinna þessum flutningum sl. ár. Nýr samningur hefði síðan verið gerður, án útboðs, milli sömu aðilja hinn 7. apríl 1982. Þeg-

ar stefndu svo hófu flutninga á sementi samkvæmt hinum nýja samningi hinn 26. apríl sl., sá stefnandi sig tilneyddan að leggja lögbann við flutningunum, þar sem þeir töldu hinn síðari samning skýlaust brot á einkarétti stefnda (sic) á flutningum af þessu tagi.

Stefndi Norðurverk h/f kveður málavexti vera þá, að hinn 30. apríl 1981 hafi Rafmagnsveitur ríkisins boðið út flutninga á borleðju og sementi fyrir Kröfluvirkjun frá Húsavík til Kröfluvirkjunar í Mývatnssveit. Stefndi hafi gert tilboð í greinda flutninga og um þá tekist samningur 6. maí 1981. Eigi hafi borist tilboð frá stefnanda í flutninga þessa og hafi honum þó verið send útboðsgögn.

Þar sem flutningar þessir hafi í alla staði tekist vel, hafi í framhaldi þeirra verið gert nýtt samkomulag með samningi, dags. 7. apríl 1982, um áframhaldandi flutninga milli sömu aðilja. Skyldu stefndu flytja 300 tonn af sementi og 435 tonn af fóðurpípum frá Húsavík til Kröfluvirkjunar. Flytjendur hugðust framkvæma flutninga þessa með stórvirkum flutningstækjum, þ. e. dráttarbílum, er draga flutningssleða. Burðargeta slíkra flutningssleða sé allt að 25 tonnum og séu þeir helmingi lengri en venjulegir vörubílsþallar.

Því er mótmælt af hálfu stefnda, að samningurinn frá 6. maí 1981 hafi verið gerður með samþykki stefnanda, enda engin gögn til um það. Stefnanda hafi verið boðið að bjóða í flutningana í fyrra, en hann ekki sinnt því. Af því háttalagi hafi mátt ráða, að hann hefði engan áhuga á flutningunum í ár.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur milli Landsambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980, en 5. gr. samningsins er svohljóðandi:

„Vinnuveitendasambandið skuldbindur sig til að láta fullgilda félagsmenn vörubílstjórafélaga innan Landssambands vörubifreiðastjóra hafa forgangsrétt til leiguaksturs á vörubifreiðum, hver á sínu vinnu- og félagssvæði, og til leiguaksturs inn og út af því svæði fyrir þá félaga Vinnuveitendasambandsins, sem staðsettir eru á svæðinu.

Vinnuveitendur hafa frjálst val um það, hvaða félagsmenn viðkomandi vörubílstjórafélags þeir taka til vinnu, þar sem sú regla hefur gilt.

Skipafélögum og skipaafgreiðslum er heimilt að flytja milli staða á eigin bifreiðum eða öðrum eigin flutningstækjum allan

þann farm, er þau hafa tekið að sér flutning á með eigin skipum eða leiguskipum.“

Einnig hefur verið lögð fram í málinu reglugerð samgöngumálaráðuneytisins um hámarksfjölda leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suður-Þingeyjar-sýslu frá 5. mars 1982.

3. gr. reglugerðarinnar hljóðar svo:

„Leiguakstur telst, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öku-manni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem öku-maður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.“

Í 2. gr. reglugerðarinnar kveður svo á, að fjöldi leigubifreiða til vörubifreiðaaksturs á félagssvæðum takmarkist við hámarks-töluna 28.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum áðurnefndrar reglu-gerðar og einkum á forgangsréttarákvæðum í 5. gr. fyrrgreinds samnings frá 27. október 1980.

Stefnandi eigi einkarétt til flutninga á farmi þeim, sem hér um ræðir (sementinu). Telur hann, að forgangsréttur félags-manna taki til allra flutninga á farmi af þessu tagi, þ. e. að farmur, sem eigi er eitt stykki, er fer yfir 15 tonn, skuli fluttur af stefnanda.

Stefnandi hafnar alfarið þeim skilningi stefndu, að þar sem útboð hafi farið fram í fyrra, gildi ekki einkaréttur stefnanda um flutninga þá, sem hér er fjallað um. Í fyrsta lagi þurfi stefnandi ekki að sinna útboði, enda sé óheimilt að bjóða slík verk út á félagssvæðinu. Í öðru lagi gildi útboð á árinu 1981 ekki um flutninga þá, sem hér er um að ræða.

Stefndi Norðurverk h/f byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að greind reglugerð nr. 79 frá 5. mars 1982 sé gildislaus. Reglugerðina skorti lagastoð, með því að lögmæltum skilyrðum um tilurð hennar hafi eigi verið sinnt varðandi umsögn Vinnuveitendasambandsins, áður en hún hafi verið sett, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar. Þá telur stefnandi, að reglugerðin eigi einungis við vöruflutningabifreiðar til leiguaksturs, en gildi ekki um dráttarbifreiðar.

Í öðru lagi hafi Vinnuveitendasamband Íslands aldrei viður-kennt einkarétt vörubifreiðarstjóra til aksturs á hverju félags-svæði. Hins vegar séu í kjarasamningi aðilja ákvæði um for-

gangsrétt vörubifreiðarstjóra til leiguaksturs. Sá forgangsréttur, sem hér um ræðir, taki einungis til vörubifreiða innan þeirra stærðarmarka, 15 tonna, sem samningurinn tekur til. Hverjum einstökum eiganda farms sé hins vegar fullkomlega heimilt að nota aðrar gerðir flutningabíla, s. s. sendiferðabíla eða dráttarbíla, án tillits til þess, hvaða vöru sé um að ræða.

Stefndi bendir einnig á, að samningur RARIK — Kröflu-virkjunar frá 6. apríl 1982 við stefndu um flutningana sé verk-samningur, en slíkan samning hafi verið heimilt að gera þrátt fyrir forgangsréttarákvæði kjarasamningsins. Enn fremur, að ákvæði laga nr. 36/1970 um leigubifreiðar taki einungis til leigu- og vinnusamnings, en ekki til verksamnings.

Lögmaður stefnda BJG h/f hefur hreyft því í greinargerð sinni, að þar sem í máli þessu sé um að ræða ágreining um skilning á ákvæðum kjarasamnings, þá ætti mál þetta að rekast fyrir Félagsdómi, án þess þó að setja fram kröfu um frávísun.

Að öðru leyti byggir hann sýknukröfur sínar í meginatriðum á sömu rökum og meðstefndi, Norðurverk h/f.

Hér sé um að ræða flutninga með tækjum, sem ekki séu vörubifreiðar í skilningi reglugerðarinnar og ekki reknar sem slíkar. Farminn eigi að flytja fyrir ákveðið verð á grundvelli útboðs og verklýsingar og Íslensks staðals, IST 30. Reglugerðin fjalli einvörðungu um rekstur leigubifreiða til vöruflutningaaksturs. Slíkar bifreiðar séu skilgreindar í umferðarlögum, lögum um tollskrá og víðar og aðgreinist frá svonefndum dráttar- og tengi-vögnum, sem stefndi noti gjarnan við framkvæmd samninganna.

Kjarasamningurinn frá 27. október 1980 nái ekki til stærri flutningstækja en 15 tonna bifreiða og sé einvörðungu miðaður við leiguakstur innan þeirra stærðarmarka.

ÁLIT DÓMSINS.

Grunnúrlausnarefni máls þessa er ágreiningur um skilning og túlkun á kjarasamningi Ladssambands vörubifreiðastjóra og Vinnuveitendasambands Íslands frá 27. október 1980. Telja verður, að það falli undir verksvið Félagsdóms að veita efnisúrlausn um slíkan ágreining, sbr. 2. tölul. 44. gr. laga nr. 80/1938, að uppfylltum ákvæðum 45. gr. sömu laga.

Af þessum ástæðum þykir eiga að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi.

Krafa stefnanda um staðfestingu lögbanns þess, er gert var

þann 26. apríl 1982, er efniskrafa, þannig að ekki verður um hana fjallað nú.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Sigurður Briem Jónsson aðalfulltrúi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 21. október 1982.

Nr. 217/1979. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og biskup Íslands vegna kirkjuráðs f. h. Þjóðkirkju Íslands

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Gunnari Jóhannessyni

Vigdísi Ingibjörgu Árnadóttur og

Sigríði Gyðu Sigurðardóttur

(Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerksamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Afrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 11. desember 1979. Krefjast þeir sýknu af öllum kröfum stefndu og jafnframt þess, að viðurkennd verði „landamerkjalinna á þrætusvæðinu milli Skálholts og Hamra í miðjum farvegi Brúarár í meðalrennsli hennar að ósi árinna og Hvítar“, eins og hún er sýnd á uppdrætti, „gerðum af Ragnari Árnasyni, og verði Hjarðarneshólmi talinn hluti af landi“ jarðarinnar Skálholts í Biskupstungnahreppi. Þá krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.